

leggja *so. vb.-0 – leggja*
[lagði]

– ég ætla að leggja mig í smá stund

‡ • eyðileggja; leggur, handleggur; liggja

minn *fn.*
[mín, mitt; mínir, mínar, mín]

– þetta er taskan mín

‡ • sinn, þinn

maður *kk. – maður*
[manns, menn]

– maðurinn kann ekki að keyra!
– maður getur ekki sagt það með góðri samvisku

‡ maðr • mannlíf; almennur; menning, menntun

fara *so. sb.-6 – fara*
[fór, fórum, farið]

– ég fer í frí

‡ • ferð, ferðast, aðferð, för, keyra, aka, fljúga, sigla

bók *kvk. – bók*
[-ar, bækur]

– ég las góða bók um helgina

‡

falla *so. sb.-7 – falla*
[féll, féllum, fallið]

– hann féll niður af þaki

‡

gefa *so. sb.-5 – gefa*
[gaf, gáfum, gefið]

– hann gaf mér hálsfesti
– ertu búin að gefa kettinum?

‡ • fyrirgefa, yfirgefa, gjöf » fá, rétta

bera *so. sb.-4 – bera*
[bar, bárum, borið]

– viltu bera bækurnar fyrir mig?

‡ • áberandi, frábær, samanburður

tönn *kvk. – tönn*
[tannar, tennur]

– hann er með góðar tennur

‡ tǫnn

drekka *so. sb.-3 – drekka*
[drakk, drukkum, drukkið]

– ég drekk helst íslenskt vatn

‡

grípa *so. sb.-1 – grípa*
[greip, gripum, gripið]

– markmaðurinn greip boltann

‡

bjóða *so. sb.-2 – bjóða*
[bauð, buðum, boðið]

– má bjóða þér meira kaffi?

‡ • boða, boð

vík *kvk. – vík*
[-ur, -ur]

– báturinn sigldi inn víkina

‡

nemand-i *kk. – nemandi*
[-a, nemendur]

– eru margir nemendur í bekknum?

‡ • nema, nám « kennari

völlur *kk. – völlum*
[vallar, vellir]

– hvenær áttu að mæta á flugvöllinn?

‡ vǫllr • grundvöllur

reiði *kvk. et. ób. – reiði*

– orð hans vöktu mikla reiði

‡ • reiður